

8.maí 2020

Fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar

Frá Grunnskólanum á Suðureyri

Eins og ykkur var kynnt fyrr í vetur hefur skólasamfélagið á Suðureyri mikinn áhuga á að efla kennslu í íslensku til að auka möguleika nemenda af erlendum uppruna á að standa jafnfætis öðrum íslenskum börnum þegar í framhaldsskóla er komið. Þegar hefur verið samþykkt að auka kennslumagn skólans í þeim tilgangi og við erum þakklát fyrir það. Búið er að draga upp útlínur stundatöflu fyrir næsta vetur og sú 20 mínútna aukning í kennslutíma sem sett er inn skilar sér í 60 mínútna aukningu á viðveru nemenda í skólanum þar sem matartími kemur þá inn í dagsskipulag allra nemenda. Með því móti má gera ráð fyrir að fleiri nemendur verði í mat í skólanum og eins koma til einar frímínútur til viðbótar hjá yngstu nemendum, það er eftir hádegishlé. Þetta kallar einnig á aukna viðveru annarra starfsmanna en kennara þar sem vinnutími þeirra þarf að lengjast jafnhliða skóladegi nemenda.

Launadeild Ísafjarðarbæjar hefur reiknað út hver viðbótar launakostnaður myndi verða ef hægt væri að auka starfshlutföll stuðningsfulltrúa skólans, sem eru tveir, þannig að vinnutími þeirra verði eins og vinnutími nemenda. Stuðningsfulltrúarnir sjá einnig um gæslu í frímínútum og matarhléi.

A) Stuðningsfulltrúi í yngstu deild, stöðuhlutfall aukið um 5,5 prósentustig, það er úr 63% í 68,8%. Heildarkostnaður á ári 439.427 kr.

B) Stuðningsfulltrúi í sérverkefni í elstu deild, stöðuhlutfall aukið um 12,5 prósentustig, það er úr 56,3% í 68,8%. Heildarkostnaður á ári 731.414 kr.

Við erum sannfærð um að þetta verði til mikilla bóta fyrir nemendur og fjölskyldur, sérstaklega yngstu nemendanna, sem við þetta munu ljúka skóladeginum kl.13:30 í stað 12:30. Þá verður einnig einfaldara að skipuleggja frístundastarf í samfellu við skóladaginn þegar nemendur hafa fengið hádegishressingu í skólanum og geta haldið áfram með sína dagskrá í beinu framhaldi.

Því óska ég hér með eftir að Grunnskólanum á Suðureyri verði veitt heimild til að stækka starfshlutföll þessara starfsmanna eins og hér er lýst.

Jóna Benediktsdóttir

Skólastjóri Grunnskólans á Suðureyri.